

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 313 11. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar er eign Siglufjarðarkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar húsa í Siglufirði eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar um.

Reikningar Hitaveitu Siglufjarðar skulu jafnan fylgja reikningum Bæjarsjóðs Siglufjarðar til endurskoðunar og samþykktar .

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

Stjórn Hitaveitu.

3. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar fer með stjórn Hitaveitu Siglufjarðar. Um daglegan rekstur Hitaveitunnar fer eftir samþykktum bæjarstjórnar hverju sinni. Á bygg-ingartíma Hitaveitunnar sér Bæjarráð Siglufjarðar um daglegan rekstur og stjórn framkvæmda. Þegar þörf þykir á, að mati bæjarstjórnar, skal skipaður sérstakur hitaveitustjóri.

Einkaleyfi Hitaveitu.

4. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðarkaupstaðar. Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

5. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiaðar og heimæðar inn í hús, samanber þó 2. málsg. 4. gr. Hitaveitan sér einnig um gerð hemlagrinda og uppsetningu á þeim.

6. gr.

Hver sá, er húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð Hitaveitu liggur, hefur rétt á að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveitueðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitunefnd þá ákeðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

7. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum og heimæðum, inn að stofnhana, og viðhaldsskyldu á rennslishefli.

Afnot hitaorku.**8. gr.**

Sú hitaorka, sem Hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

9. gr.

Réttur húseiganda til afnota af Hitaveituvatni skuldbindur ekki Hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð Hitaveitu.**10. gr.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartrufnunum, er verða á henni vegna rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

11. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldslaust.

Umsóknir.**12. gr.**

Áður en hafist er handa um lagningu nýrra kerfa, er um getur í 2. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa Hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

Uppdrættir.**13. gr.**

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða pípu-lagningarmeistara, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu bæjarstjórnar og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

14. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera A. 2 eða stærri samkvæmt íslenskum staðli IST 1.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningum með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn samkvæmt íslenskum staðli IST 64.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, ofnum og loftristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

15. gr.

Ef uppdraettir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem auka á við svo sem í viðbyggingar eða þegar leggja skal lagnir í herbergi, sem ekki voru hituð áður, getur hitaveitunefnd krafist þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Samþykkt uppdráttá.**16. gr.**

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans tvö eintök skal varðveita í skjalasafni bæjarins, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasafninu.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

17. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar löggildir menn, er hún telur hæfa til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur. Mega engir aðrir en þeir, sem hafa fengið slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við Hitaveituna. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða og samþykktá uppdraetti. Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu í pípum skv. reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu.

Eftirlit.**18. gr.**

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrautt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Þrýstiprófa skal hitalagnir með vatni og 6 kg cm² þrýstingi. Álití eftirlitsmaður

hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

19. gr.

Hitaveitustjóri og eftirlitsmaður hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dætur á heimæðum.

20. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdætur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Viðurlög við brotum.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða af Hitaveitunni, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af Bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og Reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á.